

Nd.

932. Breytingartillögur

[73. mál]

við frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Í stað „samgönguráðherra“ hvarvetna í frv. komi: heilbrigðisráðherra.
2. Í stað „Siglingamálastofnun ríkisins“ hvarvetna í frv. komi: Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnadeild.
3. Við 21. gr. 2. másl. orðist svo: Hollustuvernd ríkisins leitar aðstoðar Siglingamálastofnunar ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur.
4. 23. gr. orðist svo:

Við setningu reglna um mengunarvarnir vegna olíumengunar frá landstöðvum og skv. heimild í 9. gr. skal haft samráð við menntamálaráðherra.

Heilbrigðisráðherra skal, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, setja reglur um flokkun eiturefna og annarra hættulegra efna sem notuð eru til mengunarvarna skv. lögum þessum.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.